

**Nd. 120. Frumvarp til laga [102. mál]**

um breyting á lögum nr. 5 31. jan. 1947, um breyting á lögum nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

Flm.: Jón Pálmason.

**1. gr.**

Fyrir orðin „70 ára“ í a-lið 1. gr. laganna komi: 75 ára.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru jafnframt úr gildi numin 13. gr. og 8. tölul. 37. gr. 1. nr. 38 1954.

**Greinargerð.**

Með þessu frumvarpi er lagt til að breyta einu atriði í lögum um aldurshámark opinberra starfsmanna. Er það á þá leið, að þessir menn hafi rétt til að gegna embættistarfi sínu til 75 ára aldurs í stað þess, að þeir verða nú að hætta í síðasta lagi 70 ára. Þetta er hvort tveggja í senn mannréttindamál og sparnaðarráðstöfun fyrir ríkissjóð.

Það er óþörf og óeðlileg skerðing á mannréttindum að svipta ágæta og valinkunna starfsmenn embætti fyrir það eitt, að þeir verða 70 ára gamlir, enda þótt þeir hafi góða heilsu og fulla starfskrafta. Frá 1935—47 mátti þetta gerast um 65—70 ára menn.

Alþingi hefur líka á undanförunum árum viðurkennt óbeinlínis, að þetta er ranglæti, með því að veita ýmsum þessum mönnum full laun, þó að þeir hætti embættisstarfi sínu. Hefur það þá furðulegu eyðslu í för með sér, að ríkissjóður greiðir oft tvenn embættislaun vegna sama embættis. Þetta er algerlega óþarft. Eru og nokkur dæmi þess, að þessir hinir burtreknu embættismenn fá annað starf jafnframt eftirlaunum, sem eru jafnhá og embættislaunin voru.

Verði þetta frumvarp samþykkt, mundi það geta á komandi árum sparað ríkissjóði hundruð þúsunda króna árlega. Með því væri og afnumið ranglæti, sem er beitt gegn sumum þeim embættis- og sýslunarmönnum, er sízt skyldi.